

Nd.

222. Breytingartillögur

við frv. til l. um stéttarfélög og vinnudeilur.

Frá Héðni Valdimarssyni.

1. Við 3. gr. 2. másl. 1. málsgr. orðist svo:
Peir, sem eru starfandi í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu, eru bundnir við löglega gerðar samþykktir og samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem það kann að vera í.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein (er verður 4. gr.):
Atvinnurekendum og trúnaðarmönnum þeirra skal skylt að greiða ávísanir frá meðlimum stéttarfélags þeirra á ógreidd vinnulaun, þegar þau eru kræf, fyrir lögmætum gjöldum til félagsins.
3. Við 5. gr. Á eftir orðunum „meðlima sinna“ komi: og annara, sem í starfsgreininni vinna.
4. Við 6. gr. Í stað 2. og 3. másl. komi: Taxti stéttarfélags um kaup, kjör og vinnuskilmála, sem hefir verið opinberlega auglýstur eða tilkynntur atvinnurekendum, skal gilda sem skriflegur samningur, ef atvinnurekandi hefir farið eftir honum með greiðslur eða tilhögun kjara eða vinnuskilyrði, eða ekki mótmælt honum, þegar eftir að hann hefir verið auglýstur eða tilkynntur honum. Sé samningstíminn ekki tilgreindur, telst hann eitt ár, og sé uppsagnarfrestur ekki tilgreindur, telst hann 3 mánuðir.
5. Við 8. gr. Aftan við fyrri málslið kemur: með eignum sínum, öðrum en eignum í samkomuhúsum, styrktarsjóðum og menningarsjóðum, sem hafa sérstakar fjárreiður og ætlaðar eru í sérstökum tilgangi, eftir reglugerðum, samþykktum af félaginu, en ekki er hægt að verja til almennra þarfa þess.
6. Við 9. gr.
 - a. 1. og 2. másl. orðist svo: Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. 5 menn vinna, hefir stjórn stéttarfélags þess, sem á staðnum er í viðkomandi starfsgrein, rétt til að tilnefna úr hópi þeirra manna, sem á staðnum vinna, trúnaðarmann.
 - b. Á eftir orðinu „landbúnaðarverkfólks“ komi: nema 10 menn vinni á staðnum.
7. Við 10. gr. Í stað orðanna „að snúa sér til“ í 2. málsgr. út að og með orðunum „við verður komið“ í 3. málsgr., komi: að snúa sér til stjórnar stéttarfélagsins og gefa henni skýrslu um umkvartanir verkamanna, strax og því verður við komið, og ennfremur að snúa sér til atvinnurekanda eða umboðsmanns hans með umkvörtun og kröfu um lagfæringu.
8. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Atvinnurekendum og umboðsmönnum þeirra er óheimilt að segja trúnaðarmönnum upp vinnu, svo lengi sem aðrir meðlimir stéttarfélagsins vinna að störfum þeim hjá atvinnurekendum, sem félagið nær yfir, nema trúnaðarmaður leysi starf sitt hjá atvinnurekanda lélega af hendi, eða gerist brotlegur í því við hann, að dómi félagsdóms, eða samþykki stjórnar stéttarfélagsins komi til. Ekki mega heldur atvinnurekendur né umboðsmenn þeirra láta trúnaðarmenn á nokkurn hátt gjalda þess, að stéttarfélag þeirra hefir falið þeim að gegna trúnaðarmannsstarfinu fyrir sig.
9. Við 15. gr.
 - a. Aftan við 1. másl. komi nýr stafl., er verður stafl. a, svo hljóðandi:
Á félagsfundum með leynilegri atkvæðagreiðslu, enda hafi þess verið getið í fundarboðinu og minnst 20% atkvæðisbærra meðlima félagsins hafi mætt og meiri hluti meðlima hafi greitt vinnustöðvuninni atkvæði. Þá getur fjórðungur mættra meðlima krafizt um þetta almennrar leynilegrar atkvæðagreiðslu.

- b. Í stað orðanna „a. m. k. $\frac{3}{4}$ hlutum“ í c-lið komi: meiri hluta.
- c. Aftan við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
d. af félagsstjórn, ef aðeins er um að ræða að halda í gildi óbreyttum venjum félagsins og samþykktum um kaup, kjör og vinnuskilyrði, sem haldnar hafa yfirleitt verið af atvinnurekendum á staðnum, eða innheimtu vangeidds kaupgjalds eða að vinna ekki í starfsgreininni með mönnum, sem ekki eru meðlimir hlutaðeigandi stéttarfélags, svo og ef um lausavinnu er að ræða, sem samningar hafa ekki náð til og hætta á, að mundi ljúkast áður en á annan hátt fengist ákvörðun um vinnustöðvun.
10. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
Ákvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu á samningi, eða ákvörðun um kaup og kjör, þegar samningar eða kauptaxti rennur út, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 7 sólarhringum áður en tilætlunin er, að hún hefjist.
11. Við 17. gr.
a. 1. tölul. orðist svo:
Ef ágreiningurinn er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til leiðréttingar brotum gegn skýlausum ákvæðum samnings, eða til fullnægingar úrskurðum dómsins.
- b. Töluliður 2 falli niður.
12. Við 19. gr. Í stað orðanna „meðlima þeirra ... að vinnustöðvuninni standa“ komi: manna.
13. Við 30. gr.
a. Í stað orðanna „í samráði við fulltrúa“ í 1. másl. 2. málsgr. komi: ásamt fulltrúum.
- b. Á eftir 1. másl. 2. málsgr. komi nýr másl., svo hljóðandi: Atkvæðagreiðsla skal fara fram á félagsfundi eða með almennri atkvæðagreiðslu í félaginu, er taki minnst 24 stundir.
- c. Á eftir orðinu „félaginu“ í 2. másl. 2. málsgr. komi: ef samkomulag verður milli þeirra.
- d. Á eftir orðinu „félögum“ í 3. másl. 2. málsgr. komi: á sama hátt.
- e. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
Miðlunartillögu má birta, nema sáttasemjari og báðir deiluaðiljar samþykki að halda henni leyndri fyrir almenningi, þar til báðir aðiljar hafa sent svör sín.
14. Við 31. gr. Aftan við greinina bætist: og neyti atkvæðisréttar síns.
15. Við 32. gr. 3. málsgr. orðist svo:
Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum um miðlunartillögu. Fari atkvæðagreiðslan fram á félagsfundi, þurfa 20% félagsmanna að hafa mætt þar við atkvæðagreiðslu og atkvæðagreiðslunnar getið í fundarboðinu. Séu færri mættir, skal fara fram almenn leynileg atkvæðagreiðsla í félaginu, er taki minnst 24 stundir. Á félagsfundi getur einnig fjórðungur mættra félagsmanna krafizt almennrar atkvæðagreiðslu í félaginu um tillöguna, er standi minnst 24 stundir. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.
16. Við 33. gr. Greinina skal orða svo:
Sáttasemjari getur borið fram miðlunartillögu eins oft og þurfa þykir, nema annar deiluaðili hreyfi mótmælum.
17. Við 39. gr. Greinin orðist svo:
Í dómnum eiga sæti 5 menn, sem skipaðir eru til þriggja ára þannig: einn af Vinnuveitendafélagi Íslands, annar af Alþýðusambandi Íslands, einn af þremur, sem Vinnuveitendafélag Íslands tilnefnir, en Alþýðusamband Íslands ryður tveimur þeirra, einn af þremur, sem Alþýðusamband Íslands tilnefnir, en Vinnuveitendafélag Íslands ryður tveimur þeirra, einn af hæstarétti, og sé hann

forseti dómsins, nema aðrir aðiljar komi sér saman um forsetann. Ef atvinnurekandi, sem er málsaðili, er ekki meðlimur í Vinnuveitendafélagi Íslands, skulu dómara þeir, sem tilnefndir eru af því, vikja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara á sama hátt í málinu, og skal hann hafa gert það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefnir forseti dómsins dóminn.

Sömu aðiljar tilnefna varadómendur, er taka sæti í forföllum aðaldómenda.

18. Við 65. gr. Á eftir orðinu „aðfararhæfir“ í niðurlagi fyrri másl. 2. málsgr. komi: Þó koma aðeins til greina, ef um aðför er að ræða, hveurrar tegundar sem er, þær eignir og sjóðir aðilja, sem ekki eru undanskildir ábyrgð fyrir samningsrof samkvæmt 8. gr.

19. Á eftir 70. gr. komi ný grein:

Við allar atkvæðagreiðslur samkvæmt lögum þessum gildir sú regla, að enginn maður fer nema með eitt atkvæði.